

Fundargerð háskólaráðs

317. fundur daginn 28. júní 2012

fundaherbergi 402, Borgum, kl. 10.15-12.40

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 10.15.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar, Steinunn Aðalbjarnardóttir forstöðumaður kennslusviðs.

Rektor kynnti dagskrá.


1. Fundargerð 316. fundar, mál til kynningar

"[málsnúmer]"

Fundargerðin var borin upp og samþykkt.

Í sambandi við fundargerð var rifjuð upp umræða um dómnefndarálit almennt frá síðasta fundi. Þar var rætt um nauðsyn þess að samræmi væri milli hæfniskrafna í auglýsingu og þeirra atriða sem dómnefnd leggur mat á.

Rektor sagði frá að Nansensstaða við HA hefur verið auglýst laus til umsóknar hérlandis og víða á erlendum vettvangi. Stefnt er að því af hálfu HA að staðan verði hér til frambúðar. Vonir standa til að hún styrki norðurslóðastarf háskólans verulega.



Komin eru fram drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um opinbera háskóla þar sem lagt er til að Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla-Háskólanum á Hónum verði bætt við (fyrir voru HÍ og HA) og samstarfsnefnd opinberra háskóla verði fest í sessi.

Í lögum um háskóla sem samþykkt voru nýlega er bráðabirgðaákvæði um nefnd sem falið er að skoða háskólanu sjö með tilliti til sameiningar að einhverju marki.

2. Rekstraryfirlit janúar-máí

"[málsnúmer]"

Úlfar dreifði og útskýrði yfirlitið.

Rekstur kennsludeilda er 333.355 mkr. og stoðþjónustu 240.642 mkr. Staða ýmissa verkefna er 6.297 mkr. Samtals er rekstur háskólans 39,31% af viðmiði sem er 41,67%.

Varðandi stöðu viðskipta- og raunvísindasviðs, sem er 55,86% af áætlun, hafa ástæður umframkostnaðar verið skoðar vandlega og skýrðar úr. Gerðar hafa verið ráðstafanir sem munu draga verulega úr kostnaði við rekstur sviðsins á haustmisseri. Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur stefnir í að verða innan áætlunar. Rekstur háskólans í heild mun að óbreyttu verða innan marka í árslok. Úlfar tók fram að gæta verður fyllsta aðhalds í rekstrinum eins og gert hefur verið.

3. Innritun á haustmisseri 2012

1207011

Steinunn kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Útskýrði hún yfirlit yfir gildar umsóknir um skólavist 20. júní 2012 með samanburði við 2011.

1.213 umsóknir hafa borist (1.138 í fyrra). Samþykktar umsóknir eru nú 847.

Fjölgun er einkum í hjúkrunarfræði, sálfræði, viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði. Fækkun er í grunnnámi í nútímafræði og kennarafræði og í framhaldsnámi. Þá er ekki boðið upp á nám í heimskautarétti árið 2012-2013. Reikna má með að fjöldi nemenda á næsta námsári verði um 1.600-1.700, svipað og er 2012-2013.

Háskólaráð samþykkti að veita 47 umsækjendum skólavist á undanþágu frá inntökuskilyrðum, sem er stúdentspróf eða sambærilegt próf, haustið 2012 og eru

B.S.
H.E.A.
P.S.
A.P.

það um 7% af samþykktum umsóknum í grunnnám.

Rektor þakkaði Steinunni fyrir og fór hún af fundinum.

4. Samningur milli HA og mennta- og menningarmálaráðuneytis
1203003

Rektor kynnti drög að samningi og viðauka. Háskólaráð samþykkti að unnið yrði að gerð samningsins í þeim anda. Stefnt er að undirritun samningsins 4. júlí.
5. Verklagsregla VLR-005, um málskotsrétt nemenda
1005031

Verklagsregla um kvartanir nemenda var kynnt í háskólaráði 24. sept. 2010. Gæðaráð fjallaði síðan um reglurnar 28. sept. og 20. okt. 2010. Þar var bætt við skýringum, þ.e. hvert nemendur eiga fyrst að snúa sér með umkvörtunarefni og leita úrlausnar áður en gæðastjóra er sent skriflegt erindi. Háskólaráð samþykkti verklagsreglu VLR-005.
6. Nýtt námsframboð við Háskólastetur Vestfjarða
1111073

Rektor greindi frá undirbúningi að nýju námsframboði á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun, sjávartengd nýsköpun. Fyrir lágu drög að viljayfirlýsingum um nýja námsleið á meistarastigi við HSVest ásamt tillögu undirbúningsnefndar með lýsingum á fyrirhuguðu námi og fjármögnun þess, dags. 29/3 2012. Ennfremur athugasemdir Bolognateymis HA við lýsinguna, dagsettar 8. júní, og bókun deildaráðsfundar viðskipta- og raunvíssindasviðs 20. júní. Gæðaráð fjallaði um málið 19. júní og framkvæmdastjórn 27. júní. Háskólaráð samþykkti að unnið yrði áfram að undirbúningi námsins og leggur áherslu á að reglum um samþykktarferli nýs námsframboðs við HA verði fylgt. Málið verður því tekið fyrir aftur í framkvæmdastjórn og háskólaráði þegar kostnaðaráætlun liggur fyrir.

*SMS
R. S.
P. P.
XCA*

7. Tilnefning í stjórn Góðvina

1206042

Háskólaráð samþykkti að skipa Agnesi Eyfjörð verkefnastjóra aðalfulltrúa í stjórn Góðvina og Óskar Þór Vilhjálmsson varafulltrúa 2012-2014.

8. Dómnefndarálit, Stefán B. Gunnlaugsson

1204050

Bragi kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn.

Bragi kynnti dómnefndarálit um hæfi Stefáns B. Gunnlaugssonar til að hljóta framgang lektor-dósent. Dómnefnd metur Stefán hæfan til að hljóta framganginn.

Bragi vakti athygli á að dómnefnd hefur til meðferðar nokkrar umsóknir vegna auglýstra starfa. Viðkomandi eiga að hefja störf 1. ágúst. Rektor mun sjá til þess að ráðningaráferli tefjist ekki. Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundinum.

Háskólaráð staðfesti dómnefndarálitið.

9. Reglur um veitingu heiðursdoktorsnafnbótar við HA

1202077

Rektor gerði grein fyrir undirbúningi að gerð reglnanna. Þriggja manna nefnd var skipuð eftir tilnefningum fræðasviðanna. Nefndin hafði til hliðsjónar reglur HÍ um veitingu doktorsnafnbótar í heiðursskyni en einnig viðmið ýmissa háskóla erlendis.

Reglurnar eru þó sértækar fyrir HA. Háskólaráð samþykkti reglurnar.

10. Önnur mál

1205055, 1205056, 1205057, 1205087.

Rektor leggur til að þeir fjórir einstaklingar sem fengið hafa úthlutað rannsóknamiðseri 2012-2013 fái greiddan ferða/dvalarkostnað allt að kr. 500.000 pr. miðseri. Það skiptist þannig að allt að 150.000 kr. greiðist fyrir ferðakostnað og allt að 350.000 fyrir dvalarkostnað. Háskólaráð samþykkti það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.40.

*St. S. Þ. S.
Páll Þórhilmar
31/8 Birn, Stær sýðurust
Hafðilis Emma Ásbjarnardóttir*